

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 29. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 10. júlí. 2008, kl. 13.00.

**Mætt voru:** Þorgils Torfi Jónsson oddviti, Þórhallur Jón Svavarsson, Gísli Stefánsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, og Sigfús Davíðsson. Að auki sátu fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, og Indriði Indriðason, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð. Eftirtaldir hafa boðað forföll: Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Kjartan Magnússon, Ólafur Elvar Júlíusson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Þorbergur Albertsson.

#### 1. Fundargerðir til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð, 27. fundur, 19. Júní 2008.  
Fundargerðin er staðfest, fundargerð 14. fundar skipulagsnefndar er vísað til liðar 1.21.  
Samþykkt samhljóða
- 1.2. Hreppsráð, 28. fundur, 26. júní 2008.  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps; 18. fundur, 1. júlí 2008.  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. Íþrótt- og æskulýðsnefnd; 15. fundur, 26. júní 2008.  
Fundargerðin er staðfest, varðandi 3. lið. Þá er sveitarstjóra falið að auglýsa stöðu Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa í samræði við formann íþrótt- og æskulýðsnefndar. Hvað varðar 5. lið, er sveitarstjóra falið að afla gagna um málið.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.5. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps; fundur 24. júní 2008.  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt með fimm atkvæðum, einn situr hjá (GP).
- 1.6. Fjallskilanefnd Rangárvallafréttar; 7. fundur 23. júní 2008.  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.7. Fjallskilanefnd Holtamannafréttar; stjórnarfundur, 25. júní 2008.  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.8. Félagshjónusta Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu; 11. fundur 5. júní 2008.  
Til kynningar.
- 1.9. Félagshjónusta Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu; aðalfundur 12. júní 2008.  
Til kynningar.
- 1.10. Tónlistarskóli Rangæinga; 116. fundur, 6. júní 2008, ásamt niðurstöðum úr viðtölum Intellecta.  
Til kynningar.
- 1.11. Bókasafnsnefnd Bókasafnsins á Laugalandi; 9. júní 2008.  
Til kynningar.
- 1.12. Foreldraráð Laugalandsskóla, 5. maí 2008.  
Til kynningar.
- 1.13. Suðurlandsvegur 1-3; 1. og 2. fundur með hönnuðum tengibyggingar, 28. maí og 12. júní. 2008.  
Til kynningar.
- 1.14. SASS; 414. fundur, 4. júní 2008.  
Til kynningar.
- 1.15. Skólaskrifstofa Suðurlands; 105. fundur, 16. júní 2008.  
Til kynningar.
- 1.16. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 110. fundur, 6. júní 2008.  
Til kynningar.
- 1.17. Sorpstöð Suðurlands; 158. fundur, 24. júní 2008.  
Til kynningar.
- 1.18. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands; 277. fundur, 2. júlí 2008.

- Til kynningar.
- 1.19. Samband íslenskra sveitarfélaga 755. fundur, 27.júní 2008.  
Til kynningar.
- 1.20. Byggingarnefnd Rangárþings bs., 15. fundur 9. júlí 2008.  
Fundargerðin er staðfest að þeim hluta er lýtur að Rangárþingi ytra.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.21. Skipulagsnefnd 10. fundur 4. júní 2008.  
Hreppsnefnd vill áréttta að ekki eru uppi hugmyndir um að hreyfa við stöðuleyfi húsanna við Seltún 2,4 og 6.  
Fundargerðin er staðfest að þeim hluta er lýtur að Rangárþingi ytra.  
Samþykkt samhljóða.

## **2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:**

- 2.1. Tjarnarlækur, stofnun lögbýlis.  
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis né að nafn þess verði Tjarnarlækur.  
Samþykkt samhljóða.
- 2.2. Ægissíða 1 landskipti.  
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar á landskiptum úr landi Ægissíðu 1 landnr. 165446, í nýja spildu landnr. 216694.  
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.  
Samþykkt samhljóða.
- 2.3. Bjálmholt, landskipti.  
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar á landskiptum úr landi Bjálmholts landnr. 165072, í nýja spildu landnr. 216674.  
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.  
Samþykkt samhljóða.
- 2.4. Holtsmúli 1, landskipti.  
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr landi Holtsmúla 1, land A landnr. 164979, í nýja spildu landnr. 216468 og landskipti úr landi Holtsmúla 1 land B landnr. 164979, í nýja spildu landnr. 216469.  
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.  
Samþykkt samhljóða.

## **3. Kosningar í embætti sveitarstjórnar til eins árs:**

Kjör oddvita til eins árs: Eftirfarandi tillaga lögð fram um kjör oddvita:  
Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hellu, verði oddviti 2008 - 2009.  
Samþykkt samhljóða.

Kjör varaoddvita til eins árs: Eftirfarandi tillaga lögð fram um kjör varaoddvita:  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Kornbrekkum, 851 Hellu, verði varaoddviti 2008 - 2009.  
Samþykkt samhljóða.

Kjör hreppsráðs til eins árs: Lögð fram tillaga um að eftirtaldir hreppsnefndarfulltrúar skipi hreppsráð 2008 2009:

### **Aðalmenn:**

Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella  
Ingvar P. Guðbjörnsson, Kornbrekkum, 851 Hella  
Ólafur Elvar Júlíusson, Nestúni 1, 850 Hella  
Samþykkt samhljóða.

### **Til vara:**

Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hella  
Helga Fjóla Guðnadóttir, Skarði, Landsveit, 851 Hella  
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hella  
Samþykkt samhljóða.

Kjör formanns og varaformanns hreppsráðs til eins árs: Lögð fram eftirfarandi tillaga:  
Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ, 851 Hella, verði formaður 2008 - 2009.  
Ingvar P. Guðbjörnsson, Kornbrekkum, 851 Hella, verði varaformaður 2008 - 2009.  
Samþykkt samhljóða.

## **4. Sumarorlof hreppsnefndar og umboð hreppsráðs til fullnaðarafgreiðslu mála:**

Lagt er til að hreppsnefnd geri hlé á reglulegum fundahöldum á tímabilinu 11. júlí til og með 11. ágúst 2008.

Jafnframt er lagt til að hreppsráði verði veitt umboð til fullnaðarafgreiðslu mála á meðan hreppsnefnd er í fundahléi frá 11. júlí til 11. ágúst 2008.

Samþykkt samhljóða.

5. **Landsmót hestamanna 2008:**  
Sveitarstjóri gerði munnlega grein fyrir aðkomu sveitarfélagsins að landsmóttinu.  
Samningur um starfrækslu upplýsingamiðstöð á landsmóti er staðfestur.  
Samþykkt samhljóða.
6. **Mótmæli við erindi um sameiningu á spildum úr landi Köldukinnar, Seláss og Holtsmúla, landnr. 204508, 176857 og 201035:**  
Lagt fram til kynningar vegna ágreinings um landamerki.
7. **Vaskur á bakka, erindi vegna minkaveiða:**  
Sveitarstjóra falið að leita eftir samkomulagi við bréfrítara.  
Samþykkt samhljóða.
8. **Ferð skólastjóra á SETT ráðstefnuna 2008:**  
Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.  
Samþykkt samhljóða.
9. **Leyfi fyrir skála við Álftavatn, með vísan í 11. lið 24. fundar hreppsnefndar:**  
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar því til byggingarnefndar.  
Samþykkt samhljóða.
10. **Söguritun Hellu:**  
Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að semja við Ingibjörgu Ólafsdóttur að ritstýra verkinu.  
Samþykkt samhljóða.
11. **Þjórásá sem varnarlína dýrasjúkdóma:**  
Til kynningar.
12. **Starfslokasamningur skrifstofustjóra:**  
Samningurinn er staðfestur.  
Samþykkt með fjórum atkvæðum D lista, tveir fulltrúar B lista sitja hjá.(GP, SD).
13. **Vegagerðin, vegna mótmæla við aflagningu vegar milli Sandhólferju og Háfs:**  
Til kynningar.
14. **Vegagerðin, úthlutun til endurbóta á vegum í sveitafélaginu:**  
Til kynningar.
15. **Nefnd um vist- og meðferðarheimili, vegna gagnaöflunar:**  
Sveitarstjóra er falið að sinna erindinu.  
Samþykkt samhljóða.
16. **Fornleifavernd ríkisins, fjárstuðningur vegna viðgerða á Fjánhelli á Ægissíðu:**  
Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk allt að 400 þús. kr. til að klára verkið. Kostnaði er vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.  
Samþykkt samhljóða.
17. **Kartöfluverksmiðjan Þykkvabæ, arðgreiðsla:**  
Til kynningar.
18. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, eftirlit í sundlauginni á Hellu:**  
Til kynningar.
19. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, niðurstöður baðvatnssýna:**  
Til kynningar.
20. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, vegna starfsleyfis:**  
Til kynningar.
21. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
  - 21.1. Menntaþing 2008.  
Til kynningar.
  - 21.2. Netrikið Ísland, niðurstöður úttektar.  
Til kynningar.
  - 21.3. Saman hópurinn, sumarhvatning.  
Sveitarstjórn samþykkir að heimila Saman hópnum að hengja upp auglýsingu á skrifstofu sveitarfélagsins, jafnframt að koma upp tengli á heimasíðu sveitarfélagsins í ákveðin tíma.  
Samþykkt samhljóða.

- 21.4. Styrktarsjóður EBÍ. 2008.  
Sveitarstjóra er falið að sækja um í Styrktarsjóð EBÍ vegna uppbyggingar á Gaddstaðflötum.  
Samþykkt samhljóða.

**22. Annað efni til kynningar:**

- 22.1. Forvarmarverkefni 10. bekkjar.  
Til kynningar.  
Samþykkt samhljóða.
- 22.2. Ásahreppur, samþykki vegna friðlýsingar á landsvæði vegna stofnunar þjóðgarðs á Vatnajökli.  
Til kynningar.
- 22.3. Fjárlaganefnd Alþingis, heimsókn.  
Til kynningar.
- 22.4. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, vegna styrkleikagreiningar í sveitafélögum við Þjórsá.  
Til kynningar.
- 22.5. Fasteignamat ríkisins, tilkynninga um fyrirhugað brúnabótarmat.  
Til kynningar.
- 22.6. Brunamálastofnun, ársskýrsla 2007  
Til kynningar.
- 22.7. Varasjóður húsnæðismála, ársskýrsla 2007.  
Til kynningar.


**23. Þinglýst skjöl frá Sýslumanni á Hvolsvelli:**

Enginn erindi hafa borist.

**24. Gatnagerðargjöld, með vísan í 10. lið 27. fundar hreppsnefndar:**

Vísað til næsta hreppsráðsfundar.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundu slitið kl. 16.40.


  
Þorgils Torfi Jónsson  
oddviti

  
Helga Fjola Guðnadóttir

  
Guðfinna Þorvaldsdóttir

  
Gísli Stefánsson

  
Sigfús Davíðsson

  
Þorhallur Jón Svavarsson

  
Örn Þórðarson  
sveitarstjóri

  
Indriði Indriðason,  
fjármálastjóri

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**30. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 14. ágúst. 2008, kl. 13.00.**

**Mætt voru:** Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Gísli Stefánsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Kjartan Magnússon. Að auki sátu fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð. Eftirtaldir boðuðu forföll; Þorgils Torfi Jónsson og Ólafur Elvar Júlíusson.

Við bætast liðir nr. 7.4. *Kvennakórim Ljósbrá* og liður nr. 10. *Úthlutunarreglur lóða og verklagsreglur*. Aðrir liðir taka númer samkvæmt því.

### 1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:

- 1.1. Hreppsráð; 29. fundur, 17. júlí 2008  
Til kynningar.
- 1.2. Hreppsráð; 30. fundur, 31. júlí 2008  
Til kynningar.
- 1.3. Íþrótt- og æskulýðsnefnd; 16. fundur, 11. ágúst 2008.  
Tillaga um að staðfesta fundargerðina.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. Nefnd um endurskoðun reglna um lóðaúthlutun, 1. fundur, 6. ágúst 2008  
Til kynningar.
- 1.5. Nefnd um endurskoðun reglna um lóðaúthlutun, 2. fundur, 12. ágúst 2008.  
Til kynningar. Staðfestingu reglna og verklagsreglna vísað til 10. liðar.
- 1.6. Skipulagsnefnd, 11. fundur, 8. júlí 2008.  
Tillaga um að staðfesta fundargerðina, hvað varðar liði er lúta að Rangárþingi ytra.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.7. Skipulagsnefnd, 12. fundur, 11. ágúst 2008.  
Tillaga um að staðfesta fundargerðina, hvað varðar liði er lúta að Rangárþingi ytra.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.8. Byggingarnefnd, 16. fundur, 6. ágúst 2008.  
Tillaga um að staðfesta fundargerðina, hvað varðar liði er lúta að Rangárþingi ytra.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.9. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 11. fundur, 12. ágúst 2008.  
Tillaga um að staðfesta fundargerðina.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.10. Suðurlandsvegur 1-3; 5. hönnunarfundur, 29. júlí 2008.  
Til kynningar.
- 1.11. Sorpstöð Suðurlands; 159. fundur, 24. júní 2008.  
Til kynningar.

### 2. Landskipti og sala á landi og landskikum og tengd erindi:

- 2.1. Birkimelur, nafn á lóð nr. 189038 úr landi Haukadals.  
Bent er á að landið er ekki lögbýli og því ber sveitarfélaginu ekki að veita umsögn.  
Samþykkt samhljóða.

### 3. Umsóknir um skólavist og tengd erindi:

- 3.1. Beiðni um námvist fyrir nemanda í Kópavogi.  
Samþykkt að greiða viðmiðunarkostnað vegna skólagöngu VJG kt. 130301-3630 í Kópavogsskóla.  
Samþykkt samhljóða.
- 3.2. Beiðni um námvist fyrir nemanda í Kópavogi.  
Samþykkt að greiða kostnað sveitarfélagsins vegna skólagöngu GBG kt. 140203-3350 í leikskólanum Kópahvoli í Kópavogi.  
Samþykkt samhljóða.
- 3.3. Beiðni um námvist fyrir nemanda í Reykjavík.  
Samþykkt að greiða viðmiðunarkostnað vegna skólagöngu MRG kt. 210597-2049 í Selásskóla í Reykjavík.  
Samþykkt samhljóða.

- 3.4. Samþykki vegna námvistar nemanda í Laugalandsskóla.  
Sveitarstjórn Flóarhrepps samþykkir að greiða viðmiðunarkostnað vegna skólagöngu í Laugalandsskóla.  
Samþykkt samhljóða að hálfu Rangárþings ytra.

**4. Umsagnir vegna leyfisveitinga sýslumanns á Hvolsvelli:**

- 4.1. Arhús, veitinga- og gistileyfi.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu ofangreindra leyfa, með fyrirvara um samþykki annarra aðila er málið varðar.  
Samþykkt samhljóða.
- 4.2. Strandavöllur, veitingaleyfi.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu ofangreinds leyfis, með fyrirvara um samþykki annarra aðila er málið varðar.  
Samþykkt samhljóða.

**5. Skipulagsmál og tengd erindi:**

- 5.1. Hálendismiðstöðin Hólaskjólí, Skaftárhreppi, tillaga að deiliskipulagi.  
Til kynningar.
- 5.2. Lakagígar, Skaftárhreppi, tillaga að breytingu á aðalskipulagi.  
Til kynningar.

**6. Íþróttá- og tómskundafulltrúi.**

Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Jón Pétur Róbertsson. Takist ekki samningar við JPR að ganga þá til samninga við Unnar Þór Reynisson.  
Samþykkt með fjórum atkvæðum (IPG, SP, HFG, GS), tveir sitja hjá (GP, KM),

**7. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki og aðstöðu og tengd erindi:**

- 7.1. Alfa-námskeið, beiðni um aðstöðu til námskeiðahalds.  
Sveitarstjórn fellst á erindið með fyrirvara um samþykki skólustjóra.  
Samþykkt samhljóða.
- 7.2. Félagsfundur Sorpstöðvar Suðurlands.  
Til kynningar.
- 7.3. Ráðleggingarforrit vegna hegðunarvandamála hjá börnum og unglिंगum í skólum.  
Til kynningar.
- 7.4. Kvennakórinn Ljósbrá.  
Sveitarstjórn fellst á erindið fyrir hönd sveitarfélagsins.  
Samþykkt samhljóða.

**8. Annað efni til kynningar:**

- 8.1. Tillögur að götunöfnum Öldur III.
- 8.2. Þjónusta Íslandspóst, kvörtun.
- 8.3. Strútslaug, kvörtun.
- 8.4. Samgönguráðuneytið, framlag vegna lækkaðra fasteignatekna 2008.
- 8.5. Fiskistofa, flutningur á verkefnum í lax- og silungsveiðimálum.
- 8.6. Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur.
- 8.7. 365, dreifing Fréttablaðsins.

**9. Þinglýst skjöl frá Sýslumanni á Hvolsvelli.**

**10. Úthlutunarreglur lóða og verklagsreglur.**

Lagðar fram tillögur nefndar um endurskoðun reglna um lóðaúthlutun, með vísan í lið 1.5. að framan.  
Tillögur nefndarinnar “Úthlutunarreglur lóða í Rangárþingi ytra” og “Verklagsreglur við úthlutun lóða í Rangárþingi ytra” staðfestar og taka þegar gildi.  
Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.55

*Jón Pétur Róbertsson*  
*Sigurður Jónsson*  
*Högnýður Þorvaldsson*

*Hjortur G. Magnússon*  
*Magnús Þorvaldsson*  
*Ginnur Þorvaldsson*  
*Ólafur Þorvaldsson*

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**31. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 11. september. 2008, kl. 13.00.**

**Mætt voru:** Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Helga Fjóra Guðnadóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Gísli Stefánsson. Einnig tók Þórhallur Svavarsson sæti áfundinum undir liðum vegna vanhæfis annarra fundarmanna. Að auki sátu fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri og Indriði Indriðason, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Eftirtaldir aðilar boðuðu forföll: Sigurbjartur Pálsson og Ólafur Elvar Júlíusson

Við bætast liðir nr. 1.17. *Suðurlandsvegur 1-3, hönnunarfundur*, 1.18. *Fundur með skólabílstjórum*, 3 fundur, 10. september. 1.19. *Rangárvallarafirðir*. 1.20 *Minnispunktur frá fundi skólabílstjóra, oddvita Ásahrepps og sveitarstjóra Rangárþings ytra á Laugalandi*, 11. september 2008.

Guðjón Ægir Sigurjónsson, lögfræðingur, Málflutningsstofan, situr fundinn undir A lið dagskrá og skýrir lögfræðilegt álit.

**A. Gatnagerðargjöld, með vísan í 10. lið 28. fundar hreppsnefndar.**

Þorgils Torfi Jónsson vék af fundi vegna vanhæfis. Þórhallur Svavarsson tók sæti í hans stað. Við fundarstjórn tók Ingvar Pétur Guðbjörnsson, varaoddviti.

Lagt til að lögð verði gatnagerðargjöld á aðra aðila en hér um ræðir neðan þjóðvegur við Suðurlandsveg og við Rangárbakka. Fallist er á lögfræðileg rök sem fram komu í umfjöllun um málið.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, Einn var á móti (GP), tveir sitja hjá (MÝS) (KM).

Þorgils Torfi Jónsson tekur aftur sæti á fundinum.

**1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**

- 1.1. Hreppsráð; 31. fundur, 8. ágúst 2008  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.2. Hreppsráð; 32. fundur, 28. ágúst 2008  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.3. Íþrótta- og æskulýðsnefnd; 17. fundur, 1. september 2008.  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.4. Fjallskiladeild Landmannaafreittar, 13. nóvember 2007  
Til kynningar.
- 1.5. Fjallskiladeild Landmannaafreittar, 1. september 2008.  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.6. Lóðakaup á Helluflugvelli, fundur 28. ágúst 2008.  
Til kynningar.
- 1.7. Lóðadakaup á Helluflugvelli, fundur 5. september 2008.  
Til kynningar.
- 1.8. Öldur III, 2. verkfundur, 19. ágúst 2008.  
Til kynningar.
- 1.9. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 111. fundur, 26. ágúst 2008.  
Til kynningar.
- 1.10. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 278. fundur, 3. september 2008.  
Til kynningar.
- 1.11. Framkvæmdanefnd sveitarfélaga við Þjórsá, fundur 8. september 2008.  
Fundargerðin er staðfest .  
Samþykkt samhljóða.
- 1.12. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, fundur 3. september 2008.  
Fundargerðin er staðfest .  
Samþykkt samhljóða.
- 1.13. Byggingarnefnd, 17. fundur, 9. september 2008.  
Helga Fjóra Guðnadóttir lýsti yfir vanhæfi við afgreiðslu og vék af fundi.  
Þórhallur Svavarsson tók sæti í hennar stað.

Liður 158-2008:

Tillaga er að óska eftir frekari gögnum og fresta afgreiðslu málsins.

Samþykkt með sex atkvæðum. Einn er á móti (IPG) og leggur fram eftirfarandi bókun:

*Bókun vegna liðar 158-2008 í 17. fundargerð Byggingarnefndar Rangárþings bs. frá 10. september 2008:*

*„Ég tel málið háalvarlegt. Ferðafélag Íslands brýtur gildandi reglur og í mínum huga er samningsstaða félagsins engin. Í reglugerð segir með skýrum hætti að þegar framkvæmdir séu hafnar án útgáfu byggingarleyfis beri byggingarfulltrúa að stöðva framkvæmdir tafarlaust. Jafnframt skal hin ólöglega bygging fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfssemi hætt.*

*Ég tel því afgreiðslu byggingarnefndar vera í samræmi við íslenskar reglur og tel einu færui leiðina að fara hana við þessar aðstæður. Aðrar leiðir brjóta í bága við gildandi reglur.“*

*Ingvar P. Guðbjörnsson*

Liður 170-2008:

Afgreiðsla byggingarnefndar á lið 170-2008 er staðfest. .

Samþykkt með fimm atkvæðum einn er á móti (GP) og einn sat hjá (KM).

Að öðru leiti er fundargerðin staðfest.

Samþykkt samhljóða.

1.14. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps, 9. september 2008.

Helga Fjóra tekur aftur sæti á fundinum.

Fundargerðin er staðfest.

Samþykkt samhljóða.

1.15. Endurskoðun aðalskipulags, stýrihópur, 1. fundur, 9. september 2008.

Til kynningar.

1.16. Fjallskilanefnd Holtamannaafreittar, fundur 11. september 2008.

Fundargerðin er staðfest.

Samþykkt samhljóða.

1.17. Suðurlandsvegur 1-3, 11. september 2008.

Til kynningar.

1.18. Fundur með skólabílstjórum, 3. fundur 10. september 2008.

Til kynningar.

1.19. Rangárvallaafreittur, 3. fundur 11. september 2008.

Fundargerðin er staðfest.

Samþykkt samhljóða.

1.20. Skólabílstjórar 4. fundur. 11. september. 2008..

Til kynningar.

## 2. Landskipti og sala á landi og landskikum og tengd erindi:

2.1. Engin erindi hafa borist.

## 3. Umsóknir um skólavist og tengd erindi:

3.1. Beiðni um námavist í Skóla Ísaks Jónssonar.

Samþykkt að greiða viðmiðunarkostnað vegna skólagöngu ASM, kt. 250701-2330 í Skóla Ísaks Jónssonar.

Samþykkt samhljóða.

3.2. Beiðni um námsvist í Selásskóla.

Samþykkt að greiða viðmiðunarkostnað vegna skólagöngu KHR kt. 051196-2289 í Selásskóla.

Samþykkt samhljóða.

3.3. Beiðni um tónlistarnám í Tónsmiðju Suðurlands.

Lagt er til að greiða viðmiðunarkostnað þar sem ekki er í boði samsvarandi nám í Tónlistarskóla Rangæinga.

Samþykkt samhljóða.

## 4. Umsagnir vegna leyfisveitinga sýslumanns á Hvolsvelli:

4.1. Umsókn um veitingaleyfi, Rangárhöllin ehf.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu ofangreindra leyfa, með fyrirvara um samþykki annarra aðila er málið varðar.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi, vegna kröfu um rökstuðning vegna ráðningar:

Sveitarstjóra falið að svar erindinu.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Lóðasala Gaddstaðalandi:

Til kynningar.





7. **Gámahús á Hellum, sala:**  
Sveitarstjórn samþykkir að veita sveitarstjóra heimild til að ganga að áður nefndu kaupsboði og undirrita sölusamning á ofangreindri eign í samræmi við fyrirbyggjandi kaupsboði.  
Samþykkt samhljóða.
8. **Lóðakaup Helluflugvöllur:**  
Tillaga um að staðfesta fundargerðina, og heimila sveitarstjóra að undirrita skjöl er varða umrædd lóðakaup.  
Samþykkt samhljóða.
9. **Bréf vegna húsaleigusamnings:**  
Sveitarstjórn sér ekki fært að verða við erindinu þar sem sveitarfélagið leigir út ekki húsnæði á almennum markaði. Auk þess eru áform um önnur not á húsnæðinu. Bréfitara stendur til boða leiga á húsnæðinu samkvæmt fyrirbyggjandi húsaleigusamningi.  
Samþykkt samhljóða.
10. **Bjallavirkjun og Tungnaárlón:**  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson lýsti yfir vanhæfi og vék af fundi. Þórhallur Svavarsson tók sæti í hans stað. Til kynningar.
11. **Fjarskiptamastur í landi Gunnarsholts:**  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson tók aftur sæti á fundinum.  
Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara og svara erindinu.  
Samþykkt samhljóða.
12. **Mötuneytismál, hollustuhættir:**  
Tillaga er að stofnaður verði vinnuhópur þriggja manna, vinnuhópurinn skipta Ingvar Pétur Guðbjörnsson, formaður, Helga Fjóra Guðnadóttir og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Sveitarstjóra er falið að vinna með hópunum. Vinnuhópurinn skal vinna að málinu í samstarfi við skólastjóra, foreldrafélög, matráða og fagaðila.  
Samþykkt samhljóða.
13. **Styrkumsókn til EBÍ:**  
Til kynningar.
14. **Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2008 og vinna við fjárhagsáætlun 2009:**  
Sveitarstjórn samþykkir framlagað tímaáætlun við gerð fjárhagsáætlunar 2009.  
Samþykkt samhljóða.
15. **Gistiskáli á Landmannafrétti:**  
Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til erindisins vegna ófullnægjandi gagna og hvetur bréfitara að skila inn nauðsynlegum gögnum til skipulags- og byggingarfulltrúa.  
Samþykkt samhljóða.
16. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**
- 16.1. Skólagjöld vegna fjarnáms.  
Erindinu er hafnað.  
Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (Gþ).
- 16.2. Fjárlaganefnd, fundur með sveitarstjórnnum.  
Sveitarstjóra falið að svara erindinu.  
Samþykkt samhljóða.
- 16.3. Menntaþing Menntamálaráðuneytis.  
Til kynningar.
- 16.4. Markaðsstofa Suðurlands, aðalfundur.  
Sveitarstjórn samþykkir að sveitarstjóri fari með umboð sveitarfélagsins á aðalfundi Markaðskrifstofu Suðurlands.  
Samþykkt samhljóða.
- 16.5. Skreytingar Töðugjöldum.  
Erindinu er vísað til atvinnu- og menningarmálanefndar.  
Samþykkt samhljóða.
- 16.6. Hópefli, HRM rannsókn og ráðgjöf.  
Til kynningar.
- 16.7. LAUF, styrkbeiðni.  
Erindinu er hafnað  
Samþykkt samhljóða.

16.8. Eldstó, gjafavara.

Erindinu er hafnað.

Samþykkt samhljóða.

16.9. Háskólafélag Suðurlands, stuðningur fyrir stöðu minjavarðar á Suðurlandi.

Sveitarstjórn ítrekar margar fyrri ályktanir til stuðnings málinu.

Samþykkt samhljóða.

**17. Annað efni til kynningar:**

17.1. Fornleifavernd, Svinhagi, Haukadalur og nýtt vegstæði yfir Þjórsá.

17.2. Reykjavíkurborg, vegna skólavistar.

17.3. Samband íslenskra sveitarfélaga, kveðja fráfarandi framkvæmdastjóra.

17.4. Samband íslenskra sveitarfélaga, eyðublað vegna könnunar á kjörum sveitarstjórnarmanna.

17.5. Samband íslenskra sveitarfélaga, tillögur að stefnumótun í málefnum innflytjenda.

17.6. Samband íslenskra sveitarfélaga, yfirlýsing og bókun frá 22. ágúst 2008.

17.7. Vinnueftirlitið, öryggi á vinnustöðum og erlendir starfsmenn.

17.8. BSRB, Heilbrigðisþjónustan – á vegferð til einkavæðingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45

*Dagur Þorfi Jónsson*

*Andriúna Þorleifsd.*

*Margrét Yrri Sigurgærsd.*

*Jónvænir L. Lantegjörn*

*Helga Þóla Þorvaldsdóttir*

*Guðmundur Þorvaldsson*

*Ólafur Þorvaldsson*

# Hreppsnefnd Rangárbings ytra

## Fundargerð

32. fundur hreppsnefndar Rangárbings ytra, föstudaginn 26. september. 2008, kl. 16.00.  
Fundargögn send með tölvupósti og staðfest með tölvupósti.

**Fundarmenn:** Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir. Örn Þórðarson, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

**1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**

1.1. Skipulagsnefnd, 13. fundur 26. september 2008.

Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Þorgils Torfi Jónsson  
Helga Fjóla Guðnadóttir  
Sigurbjartur Pálsson  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson  
Guðfinna Þorvaldsdóttir  
Kjartan Magnússon  
Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir  
Örn Þórðarson

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**33. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 9. október. 2008, kl. 13.00.**

**Mætt voru:** Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon og Þorbergur Albertsson. Að auki Indriði Indriðason, fjármálastjóri og Örn Þórðarson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Ólafur Elvar Júlíusson boðaði forföll.

Við bætast liður 1.22. *Fræðslunefnd, 19. fundur*, liður 1.23. *Íþrótt- og æskulýðsnefnd, 19. fundur*, liður 1.24. *Vatnsveitumál*, liður 1.25. *Skipulagsnefnd 14. fundur*, liður 1.26. *Vinnuhópur um mótuneytismál 1. fundur*, liður 2.1. *Landskipti, Háþær 1* og liður 25. *Hálfsársuppgjör, upplýsingar til Hagstofu Íslands*. Samþykkt samhljóða.

**A. Yfirlit yfir fjárhagsstöðu.**  
Sveitarstjóri og fjármálastjóri fóru yfir fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

**Bókun sveitarstjórnar:**

*Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum er fjárhagsstaða sveitarfélagsins góð. Ljóst er að til endurskoðunar á framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins gæti komið á næstunni, eða þar til staða efnahagsmála skýrist.*

*Fulltrúar sveitarstjórnar eru ákveðnir í að starfa þétt saman við þær erfiðu aðstæður sem uppi eru í þjóðfélaginu. Sveitarstjórn vill hvetja íbúa til að gera slíkt hið sama og að halda ró sinni á meðan málin skýrast.*

*Jafnframt vill sveitarstjórn koma því á framfæri við íbúa að skrifstofa sveitarfélagsins stendur opin fólki til stuðnings og ráðlegginga eftir því sem unnt reynist.*

*Samþykkt samhljóða*

**1. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar eða kynningar:**

- 1.1. Ritnefnd Hellusögu, 1. fundur, 19. september 2008.  
Til kynningar.
- 1.2. Barnaverndarnefnd, 27. fundur, 16. september 2008.  
Til kynningar.
- 1.3. Endurskoðun aðalskipulags, stýrihópur, 2. fundur, 23. september 2008.  
Til kynningar.
- 1.4. Búðarháls, kynningarfundur, 23. september 2008  
Til kynningar.
- 1.5. Öldur III, 4. verkfundur, 16. september 2008.  
Til kynningar.
- 1.6. Öldur III, 5. verkfundur, 30. september 2008.  
Til kynningar.
- 1.7. Samgöngunefnd, 7. fundur, 29. ágúst 2008.  
Til kynningar.
- 1.8. Þverun Suðurlandsvegur, fundur 22. september 2008.  
Til kynningar.
- 1.9. Suðurlandsvegur 1-3, 8. fundur, 11. september 2008.  
Áður kynnt.
- 1.10. Suðurlandsvegur 1-3, 9. fundur, 18. september 2008.  
Til kynningar.
- 1.11. Suðurlandsvegur 1-3, 10. fundur, 25. september 2008.  
Til kynningar.
- 1.12. SASS, 416. fundur, 15. sept. 2008.  
Til kynningar.
- 1.13. SASS, 417. fundur, 29. sept. 2008.  
Til kynningar.
- 1.14. Skólaskrifstofa Suðurlands, 107. fundur, 15. sept. 2008.  
Til kynningar.
- 1.15. Sorpstöð Suðurlands, 160. fundur, 2. sept. 2008.  
Til kynningar.

- 1.16. Sorpstöð Suðurlands, 161. fundur, 16. sept. 2008.  
Til kynningar.
- 1.17. Sorpstöð Suðurlands, aukaaðalfundur, 16. sept. 2008.  
Til kynningar.
- 1.18. Þjórsárssveitir, framkvæmdanefnd, stöðuskýrsla, 3. október 2008, verksamningur.  
Verksamningurinn er staðfestur.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.19. Viðbygging við leikskólann á Hellu, 1-5. fundur, 15. sept. 2008.  
Til kynningar.
- 1.20. Íþrótt- og æskulýðsnefnd, 18. fundur, 1. október 2008.  
Til kynningar.
- 1.21. Byggingarnefnd, 18. fundur, 8. október 2008.  
Varðandi lið 176-2008 Hagi, Rangárþingi ytra, byggingarleyfi fyrir íbúðarhús, þá er það mat sveitarstjórnar að ekki þurfi að grenndarkynna framkvæmdina. Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.22. Fræðslunefnd, 19. fundur, 8. október 2008.  
Fundargerðin er staðfest.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.23. Íþrótt- og æskulýðsnefnd, 19. fundur, 8. október 2008.  
Fundargerðin er staðfest. Sveitarstjóra falið að kanna kostnað og möguleika á auknum akstri barna og unglinga til og frá félagsmiðstöð.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.24. Vatsuveitumál í Rangárþingi ytra, Ásahreppi, Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, fundargerð, 8. október 2008.  
Til kynningar.
- 1.25. Skipulagsnefnd, 14. fundur, 9. október 2008.  
Fundargerðin er staðfest hvað varðar liði er snúa að Rangárþingi ytra.  
Samþykkt samhljóða.
- 1.26. Vinnuhópur um skoðun á mótuneytismálum, 1. fundur, 9. október 2008.  
Til kynningar.
- 2. Landskipti og sala á landi og landskikum og tengd erindi:**
- 2.1. Háabær, landskipti.  
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að lóð með landnr. 217123 verði skipt úr jörðinni Háabær 1, landnr. 165373. Lögbylisréttur fylgir áfram Háabæ 1, landnr. 165373.  
Samþykkt samhljóða.
- 3. Umsóknir um skólavist og tengd erindi:**
- 3.1. Beiðni um skólavist í Tónlistarskóla FÍH, umsókn JÞ.  
Samþykkt að greiða kennslukostnað vegna skólagöngu JÞ, kt. 130291-2289 í Tónlistarskóla FÍH.  
Samþykkt samhljóða.
- 3.2. Beiðni um skólavist í Tónsmiðju Suðurlands, umsóknir HP, RÓ, KÓ, KIG og HJ.  
Afgreiðslu frestað. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.  
Samþykkt samhljóða.
- 3.3. Staðfesting á námsdvöl í Selásskóla.  
Til kynningar.
- 4. Sjúkdómavarnir sauðfjár, varnargirðing við Sandfell:**  
Til kynningar.
- 5. Girðingar með vegum, orðsending um áætlaðan kostnað:**  
Til kynningar.
- 6. Lóðasala Gaddstaðalandi, framlenging leigusamnings:**  
Erindinu hafnað.  
Samþykkt samhljóða.
- 7. Lóðasala Gaddstaðalandi, vegna ágreinings um sölu lóða nr. 4. 5. og 6:**  
Sveitarstjórn áréttar ákvörðun sína um að sala á leigulóðum við Hróarslæk í Gaddstaðalandi sé eingöngu til þinglýstra leigutaka. Í ljósi þess að ekki er sátt meðal leigjenda lóða nr. 4. 5. og 6 er sveitarstjóra falið að afturkalla sölu á þeim lóðum.  
Samþykkt samhljóða.

8. **Ráðningarsamningur starfsmanns félagsmiðstöðvar:**  
Til kynningar.
9. **Ungmennaráð, sbr. æskulýðslög.**  
Erindinu vísað til íþróttá- og æskulýðsnefndar.  
Samþykkt samhljóða.
10. **Sýnataka Kerauga vegna fyrirhugaðrar vatnsveitu:**  
Til kynningar.
11. **Rekstrarform vatnsveitu.**  
Til kynningar.
12. **Ungmennafélagið Hekla, svör við erindum:**  
Til kynningar.
13. **Boðun í þinghald, vegna dómkvaðningar matsmanna:**  
Til kynningar.
14. **Grisjunarbeiðni, svar Þjóðskjalasafns:**  
Til kynningar.
15. **Skólabílaakstur Laugalandsskóla:**  
Til kynningar.
16. **Samkeppniseftirlitið, Sorphirða fyrir einstaklinga:**  
Sveitarstjóra falið að svara erindinu.  
Samþykkt samhljóða.
17. **Strætó bs., nemakort:**  
Erindinu hafnað.  
